



Þormóður Sveinsson
Umhverfis- og skipulagssviði Hafnarfjarðar.

Málefni: Austurgata 36, Hafnarfirði.

Meðfylgjandi er lagfærð tillaga að deiliskipulagsbreytingu fyrir Austurgötu 36.

Farið var yfir athugasemdir við kynningartillögu sem lögð var fram á síðasta fundi Skipulags- og byggingarráðs.

Eftir niðurrif núverandi húss þarf að gera nýjan kjallara og gefur það möguleika á að lækka gólfkóta aðalhæðar um 50-60cm, niður í svipaða hæð gagnvart götu og er á nærliggjandi húsum. Áætlað er að mænishæð á nýju húsi verði aðeins um 50 cm meiri en á núverandi húsi enda þótt notagildi rishæðar verði bætt með aukinni lofthæð og þykkt á þakvirki í samræmi við kröfur gildandi reglugerða um lofthæð og einangrun.

Þakbrún á hliðum verður í svipaðri hæð og nú er.

Á lagfærðu tillögunni er mænishæð nýs húss því lækkuð um 110 cm frá kynningartillögunni.

Ásýnd frá götum, einkum Austurgötu, er gerð skýrari, m.a. með því að sýna þakfleti húsa.

Sá hluti byggingarreits sem liggur fram í lóðina gefur kost á einnar hæðar útbyggingu frá meginbyggingunni með möguleika á þaksvölum. Með því fæst skjólgott svæði í garði og örugg rýmingarleið frá rishæð ef eldsvoða ber að höndum.

Reitur fyrir bílskúr er minnkaður úr 5x7m í 4x7m.

Þess er vænst að Skipulags- og byggingarráði geti fallist á umrædda tillögu.

11. ágúst 2017
Helgi Hafliðason